


17. janúar 2014

## Spáum 0,3% lækkun verðlags í janúar

Greiningardeild spáir 0,3% lækkun á vísitölu neysluverðs (VNV) í janúar og gangi spá okkar eftir mun ársverðbólga mælast 3,5% samanborið við 4,2% í desember. Lægri verðbólga skýrist af minni áhrifum af ýmsum gjaldskrárhækkunum um liðin áramót en komu fram áramótin 2012/2013. Einnig lækka aðrir liðir s.s. eldsneytisverð sem ýtir undir hjöðnun verðbólgunnar. Að þessu sinni er þó erfitt að spá fyrir um hver endanleg áhrif skatta- og gjaldskrárhækkana verða þar sem stjórnvöld hafa heitið því að lækka eldsneytisgjöld og eftir atvikum önnur gjöld til að styðja við verðlagsforsendur kjarasamninga. Einnig hefur fjármálaráðherra beint því til ráðherra í ríkisstjórn að þeir hafi eftirlit með því að stofnanir sem undir þá heyrast skuli gæta ítrasta aðhalds og styðja við verðlagsforsendur kjarasamninga.

Samkvæmt bráðabirgðaspá gerum við ráð fyrir 0,7% hækkun í febrúar og mars og 0,5% hækkun í apríl. Í þessu felst að á næstu mánuðum a.m.k. verður verðbólgan vel undir þolmörkum verðbólguviðmiðs Seðlabankans (2,5% verðbólga +/- 1,5 prósentur).

Skatta- og gjaldskrárhækkunar  
- áhrif á VNV í jan á hverju ári




Heimild: Hagstofa Íslands, spá greiningardeildar

### Helstu atriði í janúarspánni:

- Skatta- og gjaldskrárhækkunar.** Til að meta skattahækkunar má líta til þess að í forsendum fjárlaga er áætlað að áhrif af hækkun krónutölugjalda á vísitölu neysluverðs verði um 0,2-0,3%. Þar er um að ræða hækkun á gjöldum eins og skráningargjöldum í opinbera háskóla og gjöldum af áfengi og tóbaki. Á móti vegur að samkvæmt nýjum lögum um stimpilgjöld falla gjöldin niður af lánasamningum en hækka á sama tíma á eignaskiptasamninga einstaklinga og lögaðila. Við teljum að niðurfelling gjaldanna á lánasamninga vegi þyngra og að nettó áhrifin af lögunum á VNV verði -0,05%. Samtals teljum við að skattahækkunar hafi 0,15% áhrif til hækkunar í janúar og eru þá frátaldar hækkunar á eldsneytisgjöldum. Jafnframt er áætlað að rafmagn, hiti, vatn og sorp muni hafa 0,16% áhrif til hækkunar. Sú hækkun skýrist m.a. af hækkun á raforkukostnaði en mest hefur kostnaðurinn hækkað hjá viðskiptavinum Rarik dreifbýli/Orkusalan eða um 3,5% m.v. 4.000 kWst. notkun á ári. Rafveita Reyðarfjarðar hefur hækkað um 2,8% og Orkuveita Reykjavíkur/Orka náttúrunnar um 1,3%. Einnig má nefna að sorphirðugjöld í Reykjavík hækkuðu um 10%. Þá teljum við að aðrir liðir hækki um 0,05% í ársbyrjun. Heildaráhrif skatta- og gjaldskrárhækkana á vísitölu neysluverðs síðastliðin ár má sjá á mynd hér fyrir ofan og eru heildaráhrif liðarins minni en árin á undan. *Áhrif liðarins í heild í janúar: +0,4%*

- **Matur og drykkjarvörur.** Líkt og sjá má á mynd hér fyrir neðan hækka liðurinn matur og drykkjarvörur jafnan í janúar. Ástæða er til að ætla að hækkanirnar verði minni að þessu sinni sökum þess að krónan hefur verið í styrkingarfasa frá því sl. haust. Einnig hefur verið skorað á fyrirtæki að halda aftur af verðhækkunum til að styðja við kjarasamninga en óljóst er hversu vel það hefur tekist. Þó er líklegt að hóflegar launahækkanir í kjarasamningum og átak til að halda aftur af verðhækkunum skili sér að einhverju leyti. *Áhrif í janúar: +0,1%.*
- **Útsöluáhrifin svipuð.** Líkt og sjá má á mynd hér fyrir neðan hafa útsöluáhrif síðastliðin fjögur ár, þ.e. verðbreytingar á fötum, skóm, húsgögnum, heimilisbúnaði ofl., verið á bilinu 0,75% - 0,95% í janúar mánuði og hafa verið óvenju sterk samanborið við árin fyrir 2010. Við teljum að útsöluáhrifin verði ekki ósvipuð í ár en þó ívið mildari en mælst hefur síðastliðin ár. *Áhrif í janúar: -0,7%.*
- **Eldsneytisverð lækkar.** Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að hækkun almenns og sérstaks vörugjalds á bensín, svo og olíugjalds, kílómetragjalds og bifreiðagjalds yrði um 3%. Full áhrif af því hefði hækkaðbensínverð um 0,9% og VNV um um 0,04%. Aftur á móti hafa stjórnvöld heitið því að lækka eldsneytisgjöld og eftir atvikum önnur gjöld og er því ekki gert ráð fyrir neinum áhrifum vegna þessa í ársbyrjun. Milli mælinga hefur eldsneytisverð lækkað um 3-4 krónur og er það í takt við styrkingu krónunnar síðastliðna mánuði. *Áhrif í janúar: -0,1%.*
- **Flugfargjöld lækka.** Flugfargjöld hafa haft tilhneigingu til að lækka í ársbyrjun en á því varð undantekning í fyrra þegar flugfargjöld hækkuðu um 0,12% í janúar. Við teljum þó í þetta sinn að flugfargjöld lækki lítillega í janúar og 0,09% hækkan á liðnum í desember sl. gangi að hluta til baka. *Áhrif í janúar: -0,05%*



Heimild: Hagstofa Íslands, spá greiningardeildar


## Bráðabirgðaspá: Gengisþróun og kjarasamningar hraða verðbólguhjöðnun

Miðað við nýjan kjarasamning sem forsvarsmenn stéttarfélaganna á almennum vinnumarkaði undirrituðu 21. desember sl. má álykta að launahækkanir verði hóflegar samanborið við þær launahækkanir sem komu í kjölfar kjarasamninga árið 2011. Laun eiga að hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf en launahækkanir skv. síðustu kjarasamningum voru á bilinu 3,25-4,5%. Einnig eru aðrir þættir sem benda til að nýr kjarasamningur feli í sér hóflegri hækkanir en sá fyrri. Á sama tíma hefur krónan verið að styrkjast undanfarið og sveiflur í gengi krónunnar hafa minnkað eftir að Seðlabankinn ítrekaði skuldbindingu bankans um stýrða flotgengisstefnu á vaxtaákvörðunarfundi þann 15. maí sl. Þegar lítið er til verðbólguþróunar síðastliðin ár má áætla að fyrrnendir tveir þættir, þ.e. launahækkanir umfram framleiðnivöxt í hagkerfinu og flökt í gengi krónunnar, hafi haldið uppi verðbólguþrýstingi þar sem fyrirtæki hafa ýtt launahækkunum og/eða veikingu krónunnar að hluta til út í verðlag.

Að öllu töldu sjáum við fram á nokkra hjöðnun verðbólgu á næstu mánuðum svipað og gert var ráð fyrir í síðustu bráðabirgðaspá. Einnig er lítill verðbólguþrýstingur erlendis frá og má þar nefna að verð á bensíni hefur haldist nokkuð stöðugt sl. mánuði. Ef fram fer sem horfir gæti verðbólga verið komin vel undir 3% í febrúar. Sú lækkun skýrist að hluta til af því að mikil hækkun var á verðlagi í febrúar í fyrra og þegar sú mæling dettur út leiðir það til lækkunar á ársverðbólgu. Við gerum þó ráð fyrir að útsöluáhrifin gangi til baka í febrúar og mars og einnig má áætla að sammingsbundnar launahækkanir samkvæmt kjarasamningum komi fram. Í bráðabirgðaspá Greiningardeildar til næstu þriggja mánaða er gert ráð fyrir óbreyttu eldsneytisverði, óbreyttu gengi krónunnar og að húsnæðisliður hafi áhrif til hækkunar um 0,07% í hverjum mánuði að frátöldum apríl en þá gerum við ráð fyrir í við meiri hækkun á húsnæðisverði.

## Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Febrúar +0,7%.** Útsöluáhrifin ganga til baka að hluta til eins og jafnan gerist í febrúar og einnig koma áhrif kjarasamninganna fram að því gefnu að þeir verði samþykktir af félagsmönnum stéttarfélaganna og SA.
- **Mars +0,7%.** Útsöluáhrif ganga að fullu til baka og að öðru leyti koma árstíðabundnar hækkunir fram í verðlagi.
- **Apríl +0,5%.** Gert er ráð fyrir auknum umsvifum á fasteignamarkaði og hækkandi fasteignaverði sem mun hafa áhrif til hækkunar. Að öðru leyti koma fram árstíðabundnar hækkunir.



Heimild: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

### Greiningardeild Arion banka

Elvar Ingi Möller  
elvar.moller@arionbanki.is  
444-6981

Hrafn Steinarsson  
hrafn.steinarsson@arionbanki.is  
444-6910

Hafsteinn Hauksson  
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is  
444-6993

Stefán Broddi Guðjónsson  
stefan.gudjonsson@arionbanki.is  
444-6959

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir  
regina.bjarnadottir@arionbanki.is  
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)